

Nd.

222. Breytingartillögur

við frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá Garðari Þorsteinssyni og Thor Thors.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er atvinnumálaráðherra að stofna vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
Heimili hennar og varnarþing skal vera í Reykjavík.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins skal vera:
 1. Að gera tillögur til ráðningarskrifstofa kaupstaðanna um fyrirkomulag og úthlutun atvinnubótavinnu eða annarar vinnu, sem kostuð er af ríkissjóði.
 2. Að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði.
 3. Að veita opinberum stofnunum, svo og verklyðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda upplýsingar um tölu atvinnulausra, eftir því sem auðið er.
 4. Að standa í sambandi við ráðningarskrifstofur kaupstaðanna og veita þeim allar þær upplýsingar í atvinnumálum, er þær kynnu að óska, og halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið.
 5. Að inna af hendi þau störf, er henni kunna að verða falin með lögum eða reglugerðum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins skal skipuð 3 mönnum. Félag ísl. atvinnurekenda tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir annan, og atvinnumálaráðherra skipar þann þriðja, og er hann formaður. Kosning og skipun stjórnarinnar er til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu og skipaðir samtímis og tilnefndir á sama hátt.
Laun stjórnarmanna skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra.
4. Við 4. gr. Í stað „vinnumiðlunarskrifstofu“ komi: vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Allur kostnaður við rekstur vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins, þar með talin laun stjórnarinnar, greiðist úr ríkissjóði.

6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Með reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur, má ákveða nánar um störf og fyrirkomulag vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
7. Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:

Í hverjum kaupstað landsins skal bæjarstjórn heimilt að stofna ráðningarskrifstofu. Hlutverk hennar skal vera:

 1. Að veita endurgjaldslausu milligöngu verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum um vinnusölu og vinnukaup.
 2. Að miðla vinnu milli bæjarbúa, eftir því sem unnt er.
 3. Að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjarsjóðum, svo og annari vinnu, er skrifstofunni kann að verða falið að úthluta, sbr. 2. gr. 1. lið.
 4. Að framkvæma atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928, og láta fram fara atvinnuleysisskráningar eftir fyrir mælum bæjarstjórna eða vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
8. Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. grein, svo hljóðandi:

Ráðningarskrifstofur kaupstaðanna skulu skyldar að láta vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins í té allar skýrslur um atvinnuhagi bæjarbúa, eftir því sem unnt er, og um tölu atvinnulausra, og aðrar þær upplýsingar, er vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins kann að óska í þessum efnum.
9. Á eftir 8. gr. komi ný grein, er verður 9. gr., svo hljóðandi:

Stjórnir ráðningarskrifstofa kaupstaðanna skulu skipaðar þrem mönnum. Er einn útnefndur af viðkomandi bæjarstjórn, og er hann formaður. Annar af verklyðsfélagi eða fulltrúaráði verklyðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, og hinn þriðji af félagi atvinnurekenda. Nú er ráðningarskrifstofa sett á stofn innan kaupstaðar, þar sem ekki starfar verklyðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, eða félag atvinnurekenda, og skal þá annar og þriðji stjórnarmaður tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og Félagi íslenskra atvinnurekenda.
10. Á eftir 9. gr. komi ný grein, er verður 10. gr., svo hljóðandi:

Stjórn ráðningarskrifstofu hvers kaupstaðar ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Hún ákveður, í samráði við viðkomandi bæjarstjórn, laun starfsmanna, setur þeim starfsreglur og hefir umsjón með rekstri skrifstofunnar yfirleitt.
11. Á eftir 10. gr. komi ný gr., er verður 11. gr., svo hljóðandi:

Allur kostnaður við rekstur ráðningarskrifstofa kaupstaðanna skal greiddur úr viðkomandi bæjarsjóði.
12. Við 7. gr. Greinin verður 12. gr.